

17. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins fimmtudaginn 23.júni 2011.

Mætt: Sigurjón, Kári, Birgir, Guðjón og Gry. Helgi Hauksson, formaður dómaranefndar, var boðaður á fundinn og þakkaði Sigurjón honum komuna.

Þetta gerðist:

1. Landsliðsmál.

HM unglunga

Ákveðið var að senda Júlían Jóhannsson á HM unglunga í ágúst og aðstoðarmann með. Styrkur verður veittur í verkefnið, en greiðsla fer fram þegar fjárhagur leyfir.

Aðgerð: Guðjón ræðir við Júlían og aðstoðarmann. Gry sér um skráningar.

EM öldunga.

Fannar Dagbjartsson og Halldór Eypórsson keppa fyrir Ísland á mótinu.

Aðgerð: Birgir græjar búninga og fána fyrir liðið.

2. Samstarf við NSF

Gry gerði grein fyrir keppnisferð á unglingsmót í Noregi. Stjórnin lét bóka þakklæti til norska kraftlyftingasambandsins fyrir rausnarlegt boð.

Aðgerð: Gry kemur þessu á framfæri í bréfi til forseta norska sambandsins.

3. Breytingar á reglugerð um mótahald

Ákveðið var að breyta 3.grein í reglugerð um mótahald.

Eftir breytingu hljóðar greinin svona:

3.gr. Hlutgengi

Rétt til þátttöku á mótum KRAFT hafa allir meðlimir aðildarféлага KRAFT sem eru skuldlausir við sín félög og rétt skráðir í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ.

Til að mega keppa á mótum innan KRAFT þarf keppandi að vera skráður í aðildarfélag innan KRAFT a.m.k. 30 dögum áður en skráningarfrestur rennur út. Til að mega keppa fyrir hönd Íslands erlendis þurfa keppendur að vera skráðir í aðildarfélag innan KRAFT a.m.k. 6 mánuði áður en skráningarfrestur rennur út og vera íslenskir ríkisborgarar.

Undanþága frá þessu ákvæði, t.d. vegna erlendra gestakeppenda, er háð samþykki stjórnar KRAFT.

Ákveðið var að breyta 8.grein í reglugerð um mótahald.

Eftir breytingu hljóðar greinin svona:

8.gr. Þátttaka á mótum utan KRAFT

Enginn félagsmaður má keppa eða starfa á kraftlyftingamótum erlendis eða á kraftlyftingamótum á vegum samtaka sem eru utan IPF án sérstaks leyfis KRAFT. Á alþjóðamótum skulu keppendur og aðstoðarmenn taka þátt fyrir hönd Íslands með leyfi KRAFT

Keppandi sem brýtur gegn þessu ákvæði missir sjálfkrafa keppnisrétt á mótum Kraftlyftingasambands Íslands og IPF. Honum skal umsvifalaust vikið úr sínu kraftlyftingafélagi. Viðkomandi getur ekki skráð sig í félag innan sambandsins á næstu tveimur árum frá brottvikingu.

Aðgerð: Gry kynnir breytingarnar og setur á netið.

4. Agamál

Hákon Freyr Gunnarsson, Ármanni, áminntur fyrir brot á reglugerðum Kraftlyftingasambands Íslands.

Aðgerð: **Sigurjón** kemur því til skila með afrit til Kraftlyftingadeildar Ármanns.

5. Sunnumótið

Næsta mót á mótaskrá er Sunnumótið í umsjón KFA. Stjórnin ítrekar að í öllu skuli farið eftir reglum sambandsins um mótahald.

Aðgerð: **Guðjón** ræðir við mótshaldara.

6. Bréf og erindi

Borist hefur ósk frá Alexander Ingi Olsen um staðfestingu á dómara réttindum sem liður í sérgreinaréttindum þjálfaramenntunar.

Aðgerð: **Kári** sendir honum kvittun fyrir prófgjaldi. **Guðjón** vottar dómara réttindin með undirskrift sinni.

Fundi slitið kl. 20.30

Fundarritari Gry Ek